

Lýðræði

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur velti fyrir sér hagsmunarárekstrum skólaumhverfis m.t.t. útikennslu og útivistar og sjónarmiðum skipulagsnefndar vegna landnýtingar fyrir íbúðabyggð. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Samfélagsfræði, þjóðfélagsfræði og íslenska.

Aldur: Elsta stig.



VERKLÝSING

Nemendum er sagt að grenndarskógurinn sé á deiliskipulagi hjá sveitarfélaginu og fyrirhugað sé að nýta það land undir þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara. Þá er farið í umræðu um hverjir ráði. Unglingar hafa að jafnaði ekki mikinn áhuga á stjórnámálum og finnst þau fjarlæg tilveru sinni. Mál sem þeim eru nærtæk geta opnað sýn þeirra á stjórnkerfi og þjóðfélagið í heild. Er eitthvað sem nemendur hafa til málanna að leggja? Getum við jafnvel komið fram með aðra tillögu fyrir sveitarfélagið?

Þetta er hægt að gera með mörg mál sem eru efst á baugi hverju sinni: Eitthvert brýnt og vekjandi málefni líðandi stundar er krufið til mergjar. Þá er hægt að fara í hlutverkaleik. Nemendum skipt í hópa; eldri borgara, kennara og nemendur, fulltrúa skógræktar á staðnum, íbúa í nágrenni grenndarskógar og síðan sveitarstjórnarfólk staðarins. Búinn er til listi yfir kosti og ástæður nýs deiliskipulags. Hver hópur ræðir ákvörðun sveitarstjórnar m.t.t. eigin hlutverks, með eða á móti. Hver hópur þarf að gera grein fyrir afstöðu sinni og færa rök fyrir henni (minnst 5 atr.) Næst er farið í vettvangsferð í grenndarskóg. Hver hópur setur saman lista fyrir sveitarstjórn.

Að lokum flytur hver hópur mál sitt fyrir sveitarstjórn á opnum fundi, þar sem málið er tekið til athugunar. Jafnvel er hægt að taka saman lokaniðurstöður með tilliti til þess sem hóparnir hafa haft fram að færa.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Saga grenndarskógarins, aldur, tilgangur og fleira skoðað. Er eitthvað til sem gerir það að verkum að sveitarstjórn getur ekki framkvæmt þessa breytingu lagalega?

Hugmynd að verkefni fengin úr Náttúrufræðaverkefnamöppunni.

Mat: Vangaveltur, hvernig virkar lýðræði? Geta hagsmunahópar/almennir borgarar haft áhrif á skipulag og landnýtingu?

Hér getur líka verið gott að vera með jafningjamat á því hvernig hinir hóparnir hafi staðið sig í sínu hlutverki og hversu málefnalegir þeir voru.